

Til að samráðsnefndin geti gefið umsögn skal Orkustofnun eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um framkvæmd eftirlitsins og kostnað vegna þess vegna næst liðins árs og áætlað rekstrarumfang næsta ár ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta gjaldtöku samkvæmt raforkulögum skal iðnaðarráðherra leggja fram frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi. Skýrsla Orkustofnunar ásamt álitum samráðsnefndar skulu fylgja frumvarpinu sem viðaukar.

5. gr.

Kostnaður.

Hvorki ráðuneytið né Orkustofnun skulu bera kostnað af starfi samráðsnefndarinnar.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með vísan til 2. mgr. 24. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og öðlast hún þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 11. júní 2003.

Kristján Skarphéðinsson.

Kristín Haraldsdóttir.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 6/2003, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2003.

1. gr.

Við kafla 3.2. Frádráttur á móti dagpeningum, bætist eftirfarandi:

Frádráttur á móti dagpeningum innanlands.

	júní - september	október - desember
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	15.400 kr.	12.900 kr.
Fyrir gistingu í eina nótt	10.000 kr.	7.700 kr.
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.400 kr.	5.200 kr.
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.700 kr.	2.600 kr.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 19. júní 2003.

F. h. r.

Erla Þ. Pétursdóttir.

Ólafur Páll Gunnarsson.